



Óháð fréttablað á Vestfjörðum BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk



5 694110 023513

Fimmtudagur

19. janúar 2012

3. tbl. · 29. árg.



Vantar þig íbúð
til leigu?

Hafðu samband!
sími: 456 6600



N1 VERSLUN ÍSAFIRÐI

SÍMI: 456 3995

OPIÐ: MÁN.-FÖS. 7-17



Þróunarstjóri með hamar

„Það sem ég hef helst gagnrýnt í sambandi við grunngerðina hér er að það vantar almennilega hringtengingu. Ljósleiðarinn sem liggur hingað vestur hefur meira en næga afkastagetu fyrir okkur en við erum ekki í góðum málum ef hann slitnar,“ segir Björn Davíðsson, annar stofnandi Snerpu. Á miðopnu ræðir hann um um möguleika og hindranir hvað varðar internetið og fyrirtækjarekstur á Vestfjörðum.



VIÐ ERUM DAGLEGA Á FERÐINNI
MEÐ VÖRUR UM ALLT LAND

| www.flytjandi.is | sími 525 7890 |

EIMSKIP
Flytjandi

Nær 40% verðmunur á hæstu og lægstu leikskólagjöldum

Hæsta leikskólagjaldið er hjá Ísafjarðarbæ samkvæmt könnun Verðlagseftirlits ASÍ á breytingum á gjaldskrá leikskóla með fæði sem gerð var hjá stærstu sveitarfélögum landsins. Hafði hún þó ekki hækkað milli ára en mikið hefur verið um hækkanir á gjaldskrá leikskóla milli ára. Allt að 40% verðmunur er á hæstu

og lægstu gjaldskrár sveitarfélaganna fyrir 8 tíma vistun með fæði. Gjaldið fyrir þjónustuna er 34.342 krónur hjá Ísafjarðarbæ og lægst hjá Reykjavíkurborg 24.501 krónur.

Mest hækkaði gjaldskráin hjá Reykjaneshreppi en hækkanin þar nemur 16%, fer úr 27.130 krónum í 31.480 krónur sem er hæk-

un um 4.350 krónur á mánuði. Hafnarfjörður hefur hækkað um 15% úr 26.070 krónum í 30.023 krónur og Reykjavík um 13% úr 21.764 krónum í 24.501 krónur eða um 2.737 krónur á mánuði.

Aðeins tvö sveitarfélög af fimmtán hafa ekki hækkað verðskrá síðan í fyrra, en auk Ísafjarðarbæjar er það Seltjarnarnes-

kaupstaður. Mesta hækkanin á almennri gjaldskrá fyrir átta tíma gæslu með fæði er hjá Reykjaneshreppi um 16%, Hafnarfirði um 15% og Reykjavík um 13%. Níu tíma gæsla hefur einnig hækkað töluvert eða um allt að 23%. Forgangshópar eru ekki undanþegnir gjaldskrárhækkunum sveitarfélaganna. – thelma@bb.is



Leikskólabörn í Ísafjarðarbæ. Úr myndasafni.

Vestfirðingum fækkaði um níutíu á síðasta ári

Í lok síðasta árs bjuggu 7.050 manns á Vestfirðum, 3.620 karlar og 3.475 konur. Íbúum fjórðungsins hefur því fækkað um níutíu umfram aðfluttra á einu ári, að því er fram kemur í nýjum tölum Hagstofunnar. Mest var fækkunin í Ísafjarðarbæ en þar fækkaði íbúum um 70 á árinu. Þar bjuggu 3.750 manns í lok síðasta árs samanborið við 3.820 manns í lok ársins 2010. Í Tálknafjarðarhreppi fækkaði íbúum um 30 og voru þeir 280 í lok síðasta árs. Þá fækkaði um 10 manns í Reykhólahreppi, í Súðavíkurborg og í Kaldrana-

neshreppi en í Strandabyggð og í Vesturbyggð fjölgaði íbúum um 20 á hvorum stað. Íbúafjöldi hélst óbreyttur í öðrum sveitarfélögum í fjórðungnum.

Þrátt fyrir að íbúum hafi fækkað á öllu síðasta ári, fjölgaði þeim um 20 á fjórða ársfjórðungi samanborið við þriðja ársfjórðung. Í Vesturbyggð fjölgaði íbúum um 10 milli framangreindra ársfjórðunga, einnig fjölgaði um 10 í Bolungarvík þar sem 890 manns bjuggu um síðustu áramót. Í öðrum sveitarfélögum hélst íbúafjöldinn óbreyttur milli ársfjórðunga. Í Vesturbyggð bjuggu 910

manns um síðustu áramót, 310 í Reykhólahreppi, 190 í Súðavíkurborg, 50 í Árneshreppi, 100 í Kaldrananeshreppi, 520 í Strandabyggð og 100 í Bæjarhreppi. Erlendir ríkisborgarar voru 630 í fjórðungnum í lok 4. ársfjórðungs og fjölgaði þeim um 15 frá 3. ársfjórðungi.

Í lok 4. ársfjórðungs 2011 bjuggu 319.560 manns á Íslandi, 160.360 karlar og 159.200 konur. Landsmönnum fjölgaði um 470 í ársfjórðungnum. Erlendir ríkisborgarar voru 20.930 og á höfuðborgarsvæðinu bjuggu 203.570 manns. – asta@bb.is



Frá Ísafirði.

Fleiri leituðu aðstoðar í desember

Ísafjarðarbær greiddi 1.374.919 krónur í fjárhagsaðstoð í desember sem er töluvert hærri upphæð en í mánuðinum á undan en þá námu greiðslurnar 698.791 krónu. Margir leita sér aðstoðar fyrir jólin og að sögn Margrétar Geirsdóttur, sviðstjóra félagsmálasviðs Ísafjarðarbæjar, leituðu fleiri aðstoðar í síðasta mánuði en í sama mánuði árið 2010. Þá námu greiðslurnar 858.680 krónum. „Við fundum fyrir mun meiri erfiðleikum hjá fólki núna en oft áður í desember. Fólk hefur mun minna af peningum milli handanna og þá er merkjanleg erfiðari skuldastaða,“ segir Margrét.

– asta@bb.is

Bolvískir foreldrar greiða mest

Bolvískir foreldrar greiða hæsta leikskólagjaldið á Vestfirðum sé miðað við gjaldskrá sex stærstu sveitarfélaganna í fjórðungnum. Næst hæsta gjaldið greiða foreldrar í Vesturbyggð. Ódýrast er að vera með börn á leikskóla í Súðavík og í Strandabyggð.

Grunngjald fyrir átta klukkustunda vistun í Bolungarvík er 29.719 krónur en 37.122 krónur með fæði. Einstæðir foreldrar, námsfólk (í fullu námi) og starfsmenn við leikskólann í fullu starfi, fá 35% afslátt af grunngjaldi. Systkinaafsláttur er 35% fyrir annað barn en gjaldfrjálst er fyrir þriðja barn. Afslátturinn er samtengdur milli daggæslu hjá viðurkenndum dagmæðrum, leikskóla og heilsdagsskóla. Afslátturinn reiknast þannig að yngsta barn greiðir fullt grunngjald, 35% afsláttur af grunngjaldi er fyrir annað barn og ekkert grunngjald greiðist fyrir þriðja barn. Grunngjald fyrir átta tíma vistun í Vesturbyggð er 26.100 krónur. Við það bætist svo 8.550 krónur í fæði og er það því samtals 34.650 krónur. Einstæðir foreldrar greiða 19.600 krónur í grunngjald. Systkinaafsláttur er 25% fyrir tvö börn en 50% fyrir þrjú börn. Eins og greint hefur verið frá er gjaldið fyrir átta tíma vistun með fæði hjá Ísafjarðarbæ 34.342 krónur sem er það hæsta í fimmtán stærstu sveitarfélögum landsins, þrátt fyrir að gjaldskráin hafi ekki hækkað undanfarin tvö ár. Í Strandabyggð er grunngjaldið fyrir átta tíma vistun á mánuði 19.690 krónur en við það bætist 7.929 krónur ef greitt er fyrir fullt fæði og er það því samtals 27.619 krónur. Systkinaafsláttur er



Bolungarvík.

50% af vistun hvers barns umfram eitt. Grunngjaldið í Tálknafjarðarhreppi fyrir átta tíma á dag er 19.600 krónur á mánuði en við það bætist 3.200 krónur fyrir morgun- og síðdegishressingu og síðan er hádegismatur fyrir yngri en þriggja ára á 300 krónur fyrir máltíðina en 370 krónur máltíðin fyrir eldri en þriggja ára. Átta tíma vistun með fæði fyrir barn eldra en þriggja ára myndi því kosta um 30.700 krónur. Afsláttur vegna einstæðra foreldra er 40% af dagvistunargjaldi. Systkinaafsláttur fyrir annað barn er 20% af dagvistunargjaldi og afsláttur fyrir þriðja systkinið er 50% af dagvistunargjaldi. Leikskóli Súðavíkur er gjaldfrjálst í allt að sex klukkustundir á dag en hver umfram stund yfir það er á 2.833 krónur. Grunngjald fyrir vist barna utan sveitarfélagsins er þó 28.054 krónur en 33.564 með fæði. – thelma@bb.is

smáar

Til sölu er 169,7m², fimm herb. íbúð ásamt 38m² bílskúr að Sundstræti 32 á Ísafirði. Uppl. gefur Páll í síma 897 6795.

Nýr draumastaður fjölskyldunnar

Beint vikulegt flug með Icelandair í allt sumar frá 8. maí*



Algjör lúxus á ótrúlegu verði!

Verð frá **98.300 kr.** og 15.000 Vildarpunktur

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn (2-12) í íbúð m/2 svefnherb. fyrir 4, í 7 nætur, 22. maí. Innifalið: Flug fram og til baka, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn. Verð án Vildarpunkta 108.300 kr. Verð m.v. 2 fullorðna 121.960 kr. án Vildarpunkta.

Salgados ★★★★★

VITA hefur aldrei boðið betri gistingu á öðru eins verði. Stórglæsileg raðhús og íbúðir með frábærri aðstöðu, aðeins spottakorn frá ströndinni. Portúgal hefur heillað Íslendinga sem þekkja hið veðursæla Algarve hérað. Sjór, klettur, sandur og sól í bland við fallegt og fjölbreytt mannlíf. Frábær gæði og gott verð gera Salgados að vænlegum kosti.



FYRSTA FLOKKS AÐSTAÐA



RAÐHÚS MEÐ EINKASUNDLAUG



GOLFVÖLLUR Á SVÆÐINU

Salgados býður upp á:

- ✓ Frábært verð
- ✓ Ný glæsileg gisting
- ✓ Rúmgóð gisting sem tekur 8 manns
- ✓ Við ströndina
- ✓ Alvöru matvörubúð, ekki sjoppa
- ✓ Morgunverður og 1/2 fæði í boði
- ✓ Frítt í stóra líkamsræktarstöð
- ✓ Barnaklúbbur og tennisvöllir
- ✓ 18 holu golfvöllur, fjölskyldutilboð

Skammt frá Salgados:

- ✓ Albufeira, veitingastaðir og djamn
- ✓ Vatnsrennibrantargarður
- ✓ Sjávardýragarður
- ✓ Verslunarmiðstöðvar, stutt í H&M 😊

Vildarklúbbur

Þú getur notað Vildarpunktana hjá okkur

*Fyrsta brottför er 8. maí og næsta 22. maí, upp frá því er flogið vikulega.

VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR
GROUP



VITA | Suðurlandsbraut 2 | Sími 570 4444 | VITA.is

vita

VITA er lífið



Stjórnsýsluhúsið á Ísafirði.

Vill einfalda álagningu fasteignagjalda

Daníel Jakobsson, bærstjóri Ísafjarðarbæjar, hefur lagt fram fjölmargar tillögur til einföldunar á innheimtu fasteignagjalda. Ísamræmi við útfærslu síðustu ára er lagt er til að lágmarksupphæð sem fer á einn gjalddaga verði 25.000 krónur en upphæðir umfram það dreifist á sjö gjalda frá 1. febrúar til 1. ágúst. Lagt er til að lágmarksgjald fasteignagjalda sem rukkað er, verði 400

krónur þar sem það svari ekki kostnaði að rukka gjöld undir þeirri upphæð.

Varðandi tekjuviðmiðunar-mörk elli- og öryrkja er lagt til að hámarkafsláttur verði óbreyttur frá því í fyrra eða 84.500 krónur. Kærufrestur álagningar er sömuleiðis óbreyttur frá fyrra ári eða 21. febrúar. Staðgreiðsluafsláttur, ef greitt er fyrir 21. febrúar, er 5%. Á síðasta ári nam staðgreiðsluafslátturinn fjórum

milljónum króna.

Einnig er lagt til að hámarksstyrkur til áhugasamtaka sem ekki eru í atvinnurekstri, verði óbreyttur frá fyrra ári eða 120.000 krónur. Bæjarráð fjallaði um tillögurnar á síðasta fundi og hefur falið bærstjóra að vinna áfram að reglum um innheimtu og afslætti fasteignagjalda og leggja fyrir bæjarráð á næsta fundi.

– thelma@bb.is



Ráðhúsið í Bolungarvík.

45 milljónir teknar að láni

Bolungarvíkurkaupstaður ráðgerir að taka 10 milljóna króna lán á árinu vegna framkvæmda við snjóflóðavarnir í sveitarfélaginu. Áætlanir gera ráð fyrir að gerð snjóflóðavarnanna ljúki á árinu en talið er að 90% af verkinu sé þegar lokið, að því er fram kemur í stefnuræðu Elíasar Jónatanssonar, bærstjóra, með fjárhagsáætlun yfirstandandi árs. Eftir er að bjóða út uppgræðslu varnargarðanna og umhverfisins en ráðgert er að verkið taki fimm ár.

Undir lok síðasta árs ákvað

bærstjórn að ráðast í 139 milljóna króna lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga til að lengja meðal lánstíma á lánum sveitarfélagsins. Lánið er tekið í tveimur áföngum og var fyrri hluti þess, 76 milljónir króna teknar á síðasta ári en síðari hlutinn, 63 milljónir, verða teknar í ár. Ennfremur er í fjárhagsáætluninni gert ráð fyrir 45 milljóna króna lántöku, sem gæti þurft að nýta tímabundið vegna greiðslu á framkvæmdum, en reiknað er með að handbært fé hækki um þá upphæð á árinu.

– asta@bb.is

Níu tilnefndir sem íþróttamaður Ísafjarðarbæjar 2011

Níu tilnefningar bárust vegna kjörs íþróttamanns Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2011. Valið verður tilkynnt í hófi sem haldið verður í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði kl. 16 á sunnudag. Eftirtaldir íþróttamenn voru tilnefndir af félögum sínum:

Anton Helgi Guðjónsson hjá Golfklúbbi Ísafjarðar, Elena Dís Víðisdóttir hjá Sundfélaginu Vestra, Eva Margrét Kristjáns-

dóttir hjá Körfuknattleiksfélaga Ísafjarðar, Hafrún Lilja Jakobsdóttir hjá Hestamannafélaginu Hendingu, Hafþór Atli Agnarsson, hjá Boltafélagi Ísafjarðar, Kristín Þorsteinsdóttir hjá Íþróttfélaginu Ívari, Sigurður Óli Rúnarsson hjá Herði, Thelma Rut Jóhannsdóttir hjá Skíðafélagi Ísfirðinga og Valur Richter hjá Skotíþróttafélagi Ísafjarðarbæjar.

– thelma@bb.is

Flestir syntu í júlí

Hátt í átján þúsund gestir sóttu Sundhöll Ísafjarðar á síðasta ári. Flestir gestanna komu í júlí eða 2.654 en fæstir í janúar þegar 865 fóru í sund. Þá var einnig góð aðsókn að Sundhöllinni í síðasta mánuði en þá voru sundgestir 1.254. Í nóvember voru gestirnir 1.328 og í september og október voru þeir ríflega þúsund hvorn mánuðinn.

Rúmlega sjö þúsund gestir fóru í sund í Flateyrlaug á síðasta ári. Þar voru gestirnir einnig flestir í júlí eða 1.614 en fæstir í sept-

ember þegar aðeins 122 fóru í sund. Laugin var lokuð frá miðjum ágúst og fram í miðjan september vegna viðgerða. Alls sóttu 14.900 manns Þingeyrarlaug á síðasta ári, flestir í júlí eða 3.933 en fæstir í maí eða 678.

Þá komu 13.066 manns í sund á Suðureyri og var júlí annasamastur líkt og á öðrum stöðum, en þá fóru 5.004 manns í sund. Fæstir fóru í sund í mars eða 264 manns. Rétt er þó að taka fram að tölur yfir janúar vantar.

– thelma@bb.is



Umsóknir um styrkveitingar 2012

Viðlagatrygging Íslands auglýsir eftir umsóknum um styrki til verkefna sem ætlað er að varna eða draga úr tjóni af völdum náttúruhamfara skv. 21. gr. laga nr. 55/1992.

Stjórn Viðlagatryggingar Íslands hefur sett sér reglur um styrkveitingarnar sem má nálgast á heimasíðu félagsins, www.vidlagatrygging.is undir „Forvarnir“.

Heimilt er að veita styrki til eftirfarandi:

1. Rannsókn.
2. Framkvæmda til að varna eða draga úr tjóni vegna náttúruhamfara.
3. Fræðslu og þjálfunarmála landssamtaka sem eru með samstarfssamning við Almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra um skipan hjálparliðs.

Styrkumsókn skal fylgja greinargerð þar sem lýst er á hvern hátt umrætt verkefni stuðli að því að efla forvarnir eða draga úr tjóni á tryggðum eignum vegna náttúruhamfara. Einnig skal fylgja tíma- og kostnaðaráætlun. Styrkumsókn skal fylgja staðfesting á fjárframlagi frá öðrum styrktaraðilum verkefnisins eða vilyrði um fjárstyrk eða fjárframlag frá öðrum aðilum eftir því sem við á.

Athygli er vakin á því að styrkveitingar eru aðeins afgreiddar einu sinni á ári. Afgreiðsla styrkveitinga fer fram í mars ár hvert. Umsóknum skal skilað skriflega í bréfpósti. Öll tilskilin fylgigögn þurfa að berast með umsókn, að öðrum kosti eru umsóknir ekki teknar til umfjöllunar.

Umsóknarfrestur er til 15. febrúar 2012.

Umsóknir skulu sendar til:

Viðlagatrygging Íslands, v/styrkumsóknar, Borgartúni 6, 105 Reykjavík



Viðlagatrygging Íslands

Borgartúni 6 • 105 Reykjavík
Sími 575 3300 • Bréfsími 575 3303

Samkaup

úrval

góðir grannar



Sparnaðartilboð helgarinnar 19. - 22. janúar

samkaupurval.is



**30%
afsláttur**

~~2.398~~

1.679 kr/kg

Úrvals svínalundur

úr kjötborði eða pakkaðar ferskar



**Góð
kaup!**

~~249~~

199 kr/stk

Úrvals nautaborgarar 120g

úr kjötborði eða pakkaðir ferskir



**Úrvals
svínagúllas**

úr kjötborði eða pakkað ferskt

~~1.698~~

1.189 kr/kg

**30%
afsláttur**



**Góð
kaup!**

~~479~~

398 kr/kg

Lifrarpylsa/Blóðmör

soðið slátur frá Kjarnafæði



**Góð
kaup!**

~~249~~

199 kr/pk

Fusilli heilhvítipasta 500g

frá Anglamark



Úrvals porramatur!

**Porrabakki
frá Goða**

~~1.698~~

1.477 kr/kg

**Góð
kaup!**



**24%
afsláttur**

~~389~~

296 kr/stk

Uppvottalögur 500 ml

frá Anglamark



**Grænmeti vikunnar!
Jöklasalát**

~~349~~

175 kr/kg

**50%
afsláttur**

...sjá fleiri tilboð og
uppskriftir á samkaupurval.is



Gunnar ráðinn

Ísfirðingurinn Gunnar Tryggvason hefur verið ráðinn aðstoðarmaður Oddnýjar Harðardóttur fjármálaráðherra. Gunnar er með B.Sc. gráðu í rafmagnsverkfræði frá Háskóla Íslands, Dipl.Ing gráðu í raforkuverkfræði frá Háskólanum í Karlsruhe í Þýskalandi og Diplomagráðu í viðskipta- og rekstrarfræði frá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands.

Gunnar hefur undanfarin tvö ár starfað sem sérfræðingur hjá KPMG á sviði orkuiðnaðar. Hann lætur af störfum hjá KPMG á meðan hann gegnir starfi aðstoðarmanns fjármálaráðherra. Gunnar hefur nú ára starfsreynslu af störfum á fjármálamarkaði, en hann starfaði áður hjá fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans og Investum.

Gunnar er kvæntur Úlfhildi Leifsdóttur tannlækni og eiga þau sex börn.

Fjárhagsáætlun samþykkt

Bæjarstjórn Bolungarvíkur hefur samþykkt fjárhagsáætlun yfirstandandi árs. Áætlunin gerir ráð fyrir að 22 milljóna króna hagnaður verði af A-hluta rekstrarins og að samstæða A og B hluta verði rekin með 12 milljóna króna hagnaði. Heildar skatttekjur, að meðtöldum tekjum frá Jöfnunarsjóði eru áætlaðar 480 milljónir króna samanborið við 407 milljónir króna árið 2011. Reiknað er með að útsvar gefið sveitarfélaginu 315 milljónir króna í tekjur og fasteignaskattar 31 milljón króna. Heildartekjur A hluta bæjarsjóðs eru áætlaðar 563 milljónir króna og tekjur A og B hluta samstæðunnar 684 milljónir króna.

Útgjöld til fræðslumála aukast um 8,3% á milli ára, aðallega vegna nýrra kjarasamninga, en einnig vegna minni tekna málaflokksins með lækkan leikskólagjalda en gert er ráð fyrir að leik-



skólagjöld lækki um 18%. Fræðslumálin taka í heild til sín um 46,5% af skatttekjum eða 223 milljónir króna samanborið við 212 milljónir króna í endurskoðaðri áætlun 2011, en þá námu gjöldin ríflega 51% af skatttekjum. Hlutfallslegur munur stafar að mestu leyti af leiðréttingu á

framlögum Jöfnunarsjóðs. Rúmlega 8% af skatttekjum fara til félagsmála og svipað hlutfall fer til íþrótt- og æskulýðsmála.

Framlegð eða EBITDA af rekstri A- hluta er 75 milljónir króna eða u.þ.b. 13%, sem er talsvert betri niðurstaða en gert er ráð fyrir í endurskoðaðri áætl-

un 2011. EBIDTA af rekstri samstæðunnar er hinsvegar 121 milljónir króna eða tæp 18% sem telst mjög viðunandi að mati bæjarstjórnar. Veltufé frá rekstri A- hluta er 65 milljónir króna, en samstæða A- og B- hluta skilar 90 milljónir króna í veltufé frá rekstri.

– asta@bb.is

Fisherman opnar fiskiskóla

Ferðaþjónustufyrirtækið Fisherman ehf., á Suðureyri hefur í hyggju að opna fiskiskóla með vorinu og standa nú yfir endurbætur á húsnæði sem mun hýsa skólann. „Undanfarin ár hafa gestir komið með fisk sem þeir hafa veitt sjálfir eða fengið hjá sjómönnum á höfninni og beðið okkur um að elda fiskinn fyrir

síð. Það höfum við gert í eldhúsinu á veitingastaðnum Talisman, en núna erum við að innrétta sér aðstöðu í gamla lagerrými Kaupfélags Sýgufirðinga fyrir flottan fiskiskóla,“ segir á vef fyrirtækisins. Í skólanum eiga nemendurnir að geta upplifað gæðin í ferskum fiski og borðað fiskinn sem þeir lærðu að elda að hætti heima-

manna. Þá fá þeir aðstoð við að elda fjögurra rétta máltíð auk hádegispakka til að taka með sér.

Fisherman er framsækið ferðaþjónustufyrirtæki sem býður gestum upp á að upplifa atvinnu- menningu Íslendinga með þátttöku og fræðslu, en fyrirtækið rekur hótél, verslun og veitingahúsið Talisman á Suðureyri. Fyr-

irtækið fékk 2,5 milljóna króna styrk í síðasta mánuði til markaðssetningar á afþreyingu til erlendra markhópa auk stuðnings frá Icelandair í formi farmiða sem eiga að nýtast til markaðssetningar. Á vef Fisherman segir að styrkurinn muni gefa fyrirtækinu kost á að kynna þessa nýju þjónustu með enn meiri krafti.

Spurningin

Hyggst þú flytja á milli landshluta á næstu mánuðum?

Alls svöruðu 699.

**Já sögðu 86 eða 12%
Nei sögðu 527 eða 76%
Óvíst sögðu 86 eða 12%**

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag: Minnkandi norðanátt og bjart veður, en el NA-lands. Frost 0-8 stig.

Horfur á laugardag: Suðlæg átt, værusamt og mil veður.

Horfur á sunnudag: Vestlæg átt og el, en þurr A-lands. Kólandi veður.

Ritstjórnargrein

Ætlum við – eða ekki?

„Skíðasvæðið á Seljalandsdal var á sínum tíma byggt upp og rekið af eldhugum sem létu sér fátt fyrir brjósti brenna. Ráku þeir skíðasvæðið í nafni lyftunefndar allt þar til mannvirki og búnaður var færður Ísafjarðarbæ að gjöf.“ Svo segir m.a. í grein Hjalta Karlssonar „Lokað í paradís“ á bb.is í des. 2006. Grunntóninn að skrifum Hjalta var spurning sem þá, líkt og nú, var uppi um rekstur skíðasvæðis Ísfirðinga.

Óánægju gætir með þá ákvörðun bæjaryfirvalda að ætla starfsmönnum Áhaldahúss bæjarins umsjón með skíðasvæðinu í Tungudal, í hjáverkum, í stað þess að ráða sérstakan umsjónarmann, líkt og gert hefur verið undanfarin ár. Ástæðan er að því er ætla verður sparnaður í rekstri bæjarfélagsins. Síðast af öllu skal bæjaryfirvöldum hallmælt fyrir ráðdeild þótt ekki verði auðséður ávinningurinn, sem ætlaður er í hendi í þessu tilviki.

Í stuttu yfirliti á bb.is 13. þ.m. er tíundaður áætlaður vertíðarbundinn kostnaður við rekstur skíðasvæðisins, tæpar 33 milljónir. Frá dragast áætlaðar tekjur, ríflega 6 milljónir; mismunur því nálægt 27 milljónir. Stærstur hluti þess er 41% leigugjald til „eignasjóðs“ sveitarfélagsins. (u.þ.b. 11 milljónir, trúlega afskriftir.) Við skiptingu frekari útgjalda er nærri lagi að launakostnaður, viðhald og eldsneyti haldist í hendur, hvert fyrir sig eitthvað á fjórðu milljón. Annar kostnaður, ótil-

greindur, hrekkur eitthvað á fimmtu milljónina. Hæpið er að ákvörðunin um að ráða ekki starfsmann að skíðasvæðinu skili miklu í bæjarkassann.

Í fyrsta lagi hljóta starfsmenn Áhaldahússins að vilja fá eitthvað fyrir sinn aukasnúð, nema ætlunin sé að svæðið verði ekki opið nema á venjulegum dagvinnutíma þeirra. Í annan stað er hæpið að draga úr viðhaldi (og eftirliti) tækja, sem standa ónotuð meiri hluta árs, slíkt býður heim aukinni hættu á skemmdum og þar með miklu meiri kostnaði til framtíðar lítið. (Varla hefur nokkrum manni til hugar komið að láta skíðasvæðið grotta niður?)

Þessa dagana glymja auglýsingar um ágæti hinna ýmsu skíðasvæða á landinu í eyrum landsmanna; tilboð um ferðir og gistingu. Lítið hefur farið fyrir því að skíðasvæði Ísfirðinga væri þar til sögu nefnt. Öðru vísi mér áður brá! Umsjónarmaður skíðasvæðisins á auðvitað að vera eins og hver annar framkvæmdastjóri, sem kappkostar að markaðssetja fyrirtæki sitt og laða til sín viðskiptavinum. Þess vegna er dugmikill umsjónarmaður lykillinn að velgengni skíðasvæðisins og þar með bæjarins, sem skíðabæjar. Spörum ekki aurinn og köst- um á sama tíma krónunni!

Ætlum við áfram að geta bent á skíðasvæði Ísafjarðarbæjar sem Paradís skíðamanna? Eða hvað?

s.h.

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sólguðu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, bb@bb.is. **Blaðamenn:** Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, thelma@bb.is. Ásta María Sverrisdóttir, sími 824 0644, asta@bb.is. **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson. **Ljósmyndari:** Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, halldor@bb.is. **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. **ISSN 1670 - 021X**

KJARNAFÆÐI

Norðlenskur - úrvals blandaður SÚRMATUR



Súrmatur frá Kjarnafæði
- hinn íslenski þorramatur

Líka tækifæri í smæðinni

Þegar Snerpa var stofnuð í nóvember 1994 var gert ráð fyrir að allt að 8 internetnotendur gætu verið tengdir fyrirtækinu samtímis. Mánuði síðar var afkastagetan tvöfölduð og notendahópurinn hefur stækkað talsvert síðan. Blaðamaður BB settist niður með Birni Davíðssyni, öðrum stofnanda Snerpu, og ræddi við hann um tölvur og netið á Vestfjörðum, umhverfi til atvinnusköpunar og uppgerð gamalla húsa.

Pólsvogir

„Ég er fæddur og uppalinn á Þingeyri og var þar fram á framhaldsskólaárin. Við erum sex systkinin og ég er einhversstaðar í miðjunni. Það verkaðist svo þannig að ég var sá eini sem menntaði mig utan heimahéraðs. Það fóru allir í menntaskólann á Ísafirði nema ég sem fór í fjölbrautarskólann í Breiðholti, var þar í rafiðnaðarnámi. Eftir skóla systkini mín suður,“ segir Björn.

„Þegar ég kom aftur vestur fór ég að vinna hjá Póls við að setja saman Pólsvogirnar gömlu. Ég var líka í eftirliti og gæðaprófunum og fór einhverjar ferðir í kringum landið til að taka vogirnar út og stilla þær. Ég kom því nánast í öll frystihús á landinu á árunum í kringum 1980 en ég held að megi segja að sá tími hafi verið blómaskeið fiskvinnslu í landinu, enda fyrir daga kvóta-kerfisins. Síðar var þessi starfsemi flutt yfir í nýtt fyrirtæki sem hét Pólstækni og ég var þar þangað til að ég byrjaði að vinna hjá þeim félögum, Halldóri og Sigurjóni, niður í Suðurtanga.“

Setjari hjá BB

Björn bar titilinn setjari hjá H-Prenti. „Ég held að þetta verið lögverndað starfsheiti á þeim tíma og ég ekki haft neinn rétt til að bera það. En ég vann samt á svokallaðri setningarvél sem er löngu úrelt verkfæri í dag. Mitt starf fólst í því að lesa texta inn á þessa setningarvél og það var gert með mjög frumstæðu netsambandi við PC-vél. Auglýsingar og útlit á öðru prentverki var einnig framleitt í þessari vél.

Ég var þarna í sex ár og á þeim tíma gekk yfir öll þessi þróun úr setningartölvum yfir í þau verkfæri sem eru notuð við prentverk

í dag. Áður en ég hætti var líka farið að litgreina ljósmyndir hér fyrir vestan en áður hafði það allt verið gert í Reykjavík. Ég fékk því að taka þátt í hvernig hlutirnir þróuðust og þetta voru lærdómsrík ár. Ég hætti svo vorið 1994 og stofnaði Snerpu sama haustið. Þetta tafaðist aðeins því það var svo mikið að gera við að slægja fisk um sumarið. Svona hefur maður nú verið í ýmsu.“

- Þú hefur væntanlega verið kominn með mikinn áhuga á tölvum?

„Já, maður hafði auðvitað verið að vinna með tölvur í prentsmiðjunni. En áhugasviðið lá líka alltaf þar og ég hafði átt PC-tölvur frá því þær komu fyrst á markað í kringum 1982, á reyndar enn tölvu af þeirri árgerð. Við Jón Arnar sem stofnaði Snerpu með mér rákum hvorn annan út í það á sínum tíma. Hann hafði unnið við hálfgerða farandsölu og seldi bókhaldsforrit fyrir fyrirtæki í Keflavík. Nafnið Snerpa kom af gagnabanka sem ég hafði rekið heima hjá mér frá því árið 1992. Við stofnuðum fyrirtækið aðallega til að skaffa sjálfum okkur vinnu og sáum þá ekki fyrir okkur að við yrðum fleiri en tveir.“

Snerpa verður til

Snerpa var stofnuð í nóvember 1994.

„Þá vorum við ákveðnir í að búa til internetfyrirtæki en það vantaði enn upp á fjármagnið. Við vorum í samstarfi við apparat sem hét Íslenska menntanetið og ég hafði verið að aðstoða grunnskólakennara hér fyrir vestan að koma sér inn á það. Maður þurfti að hringja inn með módemum og hlutir vildu fara úr lagi. Það var líka svolítið torf að sækja gögn yfir þetta net og flutningsgetan var léleg. Og á meðan maður var tengdur borgaði maður skrefagjald. Á þessum tíma var Landsíminn enn og hét þannig að það kostaði meira að hringja á milli landshluta en innan þeirra. Því borguðu þeir sem voru hér á Vestfjörðum meira fyrir að tengjast en flestir aðrir. Íslenska menntanetið hafði bara komið upp starfsstöðvum á þremur stöðum á landinu, Kópaskeri, Akureyri og Reykjavík. Aðeins nálægt þessum stöðum var því hægt að tengjast með staðarsímtali. Eina leiðin til að breyta þessu

var að stofna innhringigátt hér á svæðinu og við höfðum áhuga á að gera það. Hinsvegar var það svolítið stór biti fyrir nýstofnað fyrirtæki og við sáum því fyrir okkur að gera það í samstarfi við Íslenska menntanetið. Þannig að innhringigáttin hér yrði hluti af þeirra neti og við þyrftum ekki að kaupa útlandasamband sérstaklega.“

Björn segir miðpunktinn í innhringigáttinni hafa verið dýrt tæki sem Snerpa hafi náð að fjármagna kaup á að 50% með aðstoð Sighvatar Björgvinssonar sem var viðskiptaráðherra á þessum tíma.

„Þegar búið var að kaupa tækið sendum við það til Íslenska menntanetsins til að láta setja það upp fyrir okkur. En svo fór okkur nú að lengja eftir því að fá tækið til baka. Við vorum farnir að finna fyrir því að fólk hér á svæðinu var farið að sækja í net tengingar og byrjað að nota tölvu-póst. Eins var komið af stað fjar-nám og talsvert margar konur sem voru í fóstunámi notuðu netið til að sækja sér gögn. Hinsvegar náðum við tækinu aldrei aftur af Íslenska menntanetinu, þeir sátu bara á því. Á endanum ákváðum við því að fara að aðrar leiðir við stofnun innhringigáttar og gera þetta alfarið sjálfir.“

Snerpa opnaði fyrir internet-tengingar sumarið 1995. „Þá gátu 8 notendur verið tengdir samtímis og okkur þótti ansi vel í lagt. Engu að síður þurftum við að tvöfalda afkastagetuna mánuði síðar. Það varð strax mikil ásókn þegar fólk áttaði sig á að það gat tengst á staðartaxta.“

Björn segir ýmsa vaxtaverki hafa tekið við.

„Já, eins og bara það að fá nógu margar símalínur inn í húsið. En það leystist nú allt. Aftur á móti fengum við á okkur óvænta samkeppni þegar Íslenska menntanetið áttaði sig á því að við sætum einir að „öllum“ þessum notendafjölda á Vestfjörðum. Þeir sömdu því við gamla vinnustaðinn minn, Pólinn, um að hýsa tækið góða sem við höfðum keypt en aldrei náð af þeim. En við vissum að reksturinn stóð tæpt hjá Íslenska menntanetinu og ákváðum að reyna að standa þetta af okkur. Og gerðum það því Menntanetið fór á höfuðið ári síðar. En við höldum áfram að þróa við okkar rekstur og viðskiptavinum bara



fjölgaði sem vildu prófa þetta allt saman.“

Mishratt net

Í dag rekur Snerpa alhliða tölvu- og internetþjónustu og nær þjónustusvæði fyrirtækisins nú yfir allt landið. En hefur staðan á milli landsbyggðarinnar og höfuðborgarinnar jafnast þegar kemur netaðgengi? „Það fer eftir stöðum. Það er verið að nota þrjár kynslóðir af ADSL-búnaði á landinu. Fyrsta kynslóðin var frekar gölluð en önnur kynslóðin miklu betri. Fólk gerir sér ekki grein fyrir að í mörgum símstöðvum úti á landi eru misgamlar kynslóðir af ADSL-búnaði. Þótt routerinn heima sé kannski nýjasta nýtt getur verið að hinn endinn, módemmið út í símstöð, sé af eldri kynslóð og ráði ekki við sama hraða. Afköstin úti á

landi miðast oftast við aðra kynslóð af ADSL sem er 8 megabæt. En á stærri þéttbýlisstöðum er búið að taka í gagnið þriðju kynslóð af ADSL sem ræður við hraða á bilinu 16 til 24 megabæt. Þar sem er ADSL-sjónvarp í boði sem ræður við 60 rásir er þriðja kynslóðin til staðar, annars eru í boði 15-20 rásir. Það er ágætt að meta þetta á því.

En það er náttúrlega mikill kostnaður við þennan búnað. Á sumum stöðum í dreifbýlinu, sem dæmi í gamla Saurbæjarhreppi í Dölum, er því settur upp búnaður sem er búið að taka úr notkun kannski í Kópavogi eða Breiðholti. Það er í sjálfu sér alveg virðingarvert. Fólk í Saurbæjarhreppi hefur þá allavega aðgang að þeirri þjónustu frekar en engri.“

Flöskuhálsar



Björn segir eldri kynslóðir af ADSL að verða flöskuháls í sumum tilfellum og þá sérstaklega hjá fyrirtækjum.

„Við réðumst í það í sumar að efla gagnaflutningshraða á nokkrum stöðum þar sem fyrirtækjum og sveitarfélögum þótti hann orðinn vandamál. Settum upp búnað á Þingeyri, Flateyri, Suðureyri og Bíldudal sem er af þriðju kynslóð ADSL og gefur því kost á mun meiri hraða. Þarna getur Snerpa boðið 16 megabæt á meðan Síminn býður 8 megabæt á sömu stöðum. Við getum einnig boðið VDSL þjónustu á þessum stöðum en þá getur hraðinn frá notandanum verið mun meiri en á ADSL. Nokkuð sem hentar fyrirtækjum yfirleitt vel og ýmiskonar fjarvinnslu. Við endurnýjuðum til dæmis töluvert af tengingum hjá Ísafjarðarbæ í sum- ar og því geta notendur í byggð-

arkjörnum hér í kring nýtt sér þjónustu inn á tölvukerfi Ísafjarðarbæjar á sama hátt og notendur á Ísafirði. Áður var þetta flöskuháls og kom niður á fyrirbærum eins og fjarfundum. Núna er Snerpa að bjóða betri tengingar en keppinautarnir mjög víða á svæðinu og stendur til að útvíkka það sé fólk tilbúið að versla í heimabyggðinni.“

Hringtengingu vantar

„Ef ég ber það saman við annað sem ég þekki, bæði hérlendis og erlendis, held ég að Vestfirðir sé þökkalega vel staddir, hvað varðar Netið. En mikið kallar á meira. Okkur Íslendingum hættir oft við að bera okkur alltaf saman við það sem er best. En miðað við landfræðilega dreifingu og fólksfjölda erum við með tiltölulega góðan infrastruktúr. Það sem

ég hef helst gagnrýnt í sambandi við grunngerðina hér er að það vantar almennilega hringtengingu. Ljósleiðarinn sem liggur hingað vestur hefur meira en næga afkastagetu fyrir okkur en við erum ekki í góðum málum ef hann slitnar. Vissulega er fyrir hendi varaleið eftir öflugum örbylgjusamböndum í gegnum Ísafjarðardjúp og yfir á Blönduós. En þessi leið er ekki nærri jafn öflug og ljósleiðarinn og við finnum fyrir því um leið og ljósleiðarinn suður slitnar.“

- Þannig að Netið hér er fínt, á meðan það virkar?

„Þetta er spurning um rekstraröryggi. Og þessi hringtenging er reyndar komin nokkuð langt. Núna síðustu þrjú árin er búið að leggja 15-20 kílómetra af nýjum ljósleiðara ár hvert og varaleiðin mun fara um hann. En það þarf að klára þetta. Kostnaðurinn við

það sem er eftir áætluðum við um 300 milljónir. Fólk getur velt þeirri tölu fyrir sér í samhengi við að áætlað er að rafmagnstruflanir á Vestfjörðum kosti samfélagið árlega um 400 milljónir. Þetta er því ekki stórfé. Reyndar tala sumir um að það vanti líka hringtengingu fyrir rafmagnið. En þetta er ekki sambærilegt því þú býrð ekki til fjarskipti á staðnum. Hinsvegar er hægt að búa til rafmagn á staðnum og Orkubúið er reyndar mjög vel státt í þeim efnum. Enda hafa verið það miklar straumtruflanir á svæðinu í gegnum tíðina að það hefur verið sett upp mikil varaafslgeta.“

Vestfirðir fyrir gagnaver?

Aðspurður um möguleika og hindranir hvað varðar internetið

og fyrirtækjarekstur á Vestfjörðum, svarar Björn: „Fyrir nokkrum árum kom upp sá möguleiki að setja upp bókunarvél fyrir flugfélag hér hjá Snerpu. En á endanum var þetta slegið út af borðinu, einfaldlega vegna þess að hringtenginguna vantaði. Það mátti ekki koma upp sú staða að ekki væri hægt að ná sambandi við bókunarvélina á netinu. Jafnvel þótt varaleiðin yfir á Blönduós væri til staðar þótti hún einfaldlega ekki nógu öflug. Hún hefur reyndar verið stækkuð síðan.

Annar þáttur er orkan. Þótt einhverjum þyki raforkan ótrygg er það ekkert sem má ekki kippa í liðinn með varaafli. Ef hringtengingin væri komin myndu Vestfirðir henta mjög vel fyrir gagnaver. Hér er svalt veður þannig að loftræsting er minna mál en til dæmis á Suðurnesjum.

Og við þurfum ekki að hafa áhyggjur af eldgosum og jarðskjálftum. Vestfirðir eru þannig séð öruggasta svæðið á landinu fyrir gagnaver. En fyrst þarf varaleiðin að vera til staðar. Starfsemi eins og símaver hentar okkur hinsvegar ágætlega því þar er flutningsgeta ekki vandamál. Nú þegar er eitt starfandi símaver hérna, Vegagerðin er með sína símsvörun hérna og Íslandsbanki með símsvörun hérna líka.“

Lífeyrissparnaður fluttur burt

Aðspurður segist Björn ekki trúá á að „snúa lyklinum lausnir“ virki fyrir svæðið.

„Ég er ekki viss um að þannig hugmyndir virki í raunveruleikanum hérna. Svona ímynduð 2-300 manna fyrirtæki. Það þarf að byggja upp þekkingu hérna með tíð og tíma. Eitt af því sem við höfum verið heppnir með hjá Snerpu er starfsfólkið okkar. Það hefur gríðarlegan áhuga á því sem það er að gera og hefur aflað sér mikillar þekkingar á sínu sviði. Fyrir vikið erum við með þeim bestu á landinu í tölvuþjónustu og til dæmis að halda utan um tölvukerfi fyrir fyrirtæki jafnvel annars staðar á landinu. Ég finn það hjá þeim fyrirtækjum sem við þjónustum að þeim finnst þau ekki vera krækiber í helvíti þegar eitthvað bjátar á og vantar aðstoð fljótt, heldur fá þá athygli sem þau þurfa. Það er ekki gefið að þannig sé það hjá tölvufyrirtækjum að fáist þjónusta strax, og það eru líka tækifæri í smæðinni. Í þessu samhengi má líka nefna fyrirtæki eins og Villimey, eldisfyrirtækin og sjóstöngina. Allt hefur þetta byrjað smátt og smá vafið upp á sig.“

Björn bætir við: „Annars er ekki nóg að fólk sé tilbúið að vinna næstum kauplaust, það þarf að fjármagna fyrirtækin. En það er eins og hér heima hafi fyrirtæki ekki tiltrú fjármálafyrirtækja. Ég get nefnt sem dæmi að þegar við leituðum eftir stuðningi Lífeyris-sjóðs Vestfirðinga á sínum tíma, að veita okkur lán eða kaupa í hlutafjárukningu, var þeim óheimilt að fjárfesta í því sem kallað er óskráð fyrirtæki. Þó höfðum við verið í rekstri í sex ár. Af því að Snerpa var ekki á hlutabréfamarkaði mátti ekki styðja okkar starfsemi. Það er að segja, lífeyrissparnaður okkar Vestfirðinga fer að mjög stórum hluta suður fyrir heiðar, jafnvel til útlanda og stendur undir atvinnustarfsemi þar. Ég hef ekki enn áttað mig á hvað er svona gott við að flytja lífeyrissparnað okkar Vestfirðinga nánast allan út fjórðungnum þegar við höfum alla burði til að láta þessa peninga vinna fyrir okkur sjálf.“

Björn var varabæjarfulltrúi fyrir Samfylkinguna síðast þegar hún bauð fram, fylgir hann henni

enn að málum?

„Já, ég geri það. En Samfylkingin er núna í púkki með öðrum flokkum í bæjarpólitíkinni. Það samflot hefur ekki verið í upphaldi hjá mér og mér hefur þótt heldur miklu verið fórnað til af sannfæringunni. Ég hef nú samt starfað í nefndum fyrir bæinn. Er varamaður í umhverfisnefnd og varamaður í yfirkjörstjórn.“

Þróunarstjórn og tölvuárásir

Fyrir nokkrum árum varð breyting á eigendahópi Snerpu.

„Við Jón Arnar fórum í hlutafjárukningu í kringum 2000 og buðum öðrum að koma inn í fyrirtækið. Þá minnkaði okkar hlutur niður í 1/3 á mann. Fyrir nokkrum árum fékk Jón Arnar svo nóg af tölvunum og vildi færa sig yfir í ferðaþjónustu. Þá keypti ég hans hlut en seldi einnig hluta af honum áfram frá mér. Í dag á ég helminginn í fyrirtækinu og er einn af fjórum eigendum. Er titlaður þróunarstjóri og fæ að leika mér með þetta nýja. Matt-hildur Helgadóttir Jónudóttir er framkvæmdastjóri og sér um fjármálin og slíkt.“

- Hvað er þróunarstjórinn að leika sér með?

„Hann er leika sér með allar nýjungarnar og möguleikana sem eru að detta inn. Tölvufyrirtæki verða fyrir árásum yfir netið á nánast hverjum degi og það fer talsverður tími í að sinna því. Svona árásir byggja á þekktum veikleikum og við verðum að vera vel vakandi fyrir þeim hjá okkur og eins hvaða veikleikar gætu komið upp í framtíðinni. Stundum lenda notendur í svokölluðum orðabókaárásum en þá er til dæmis giskað ítrekað á lykilorðið á póstinum þeirra. Stundum sækir fólk svokallaðar pöddur á netinu. Til dæmis forrit sem segist ætla að sýna þér flugelda en býr líka líka til litla rútínu sem fylgist með öllu þegar þú ferð inn á heimabankann. Annars er almenn skynsemi besta tölvuvörnin. Og auðvitað Kaspersky veiruvörnin en hana höfum við selt frá árinu 1995. Annars, varðandi skynsemina, þá t.d. ef þú færð tölvupóst þar sem þér er sagt að þú hafir unnið margar milljónir í happdrætti er það sennilega of gott til að vera satt.“

Gerir upp hús

Björn hefur verið að gera upp gamalt hús í Mjallargötunni undanfarin tíu ár sem margir þekkja sem Vinnuver. „Já, þetta var eitt af þessum húsum sem enginn tók eftir. Fyrst hélt ég að þetta væri bara einn kofinn í viðbót sem hefði verið reistur snemma á 20. öldinni og búið að byggja við nokkur bíslög síðan. Það var ekki fyrr en ég fór að skoða það betur sem ég áttaði mig á því



hversu gamalt það er. Það var byggt árið 1856 af aðstoðarfaktornum, Torfa Thorgrímssen. Mér skilst að í húsinu hafi m.a. verið fyrsta leikhúsið á Íslandi sem rekið var í lokuðu húsnæði. En ég keypti þetta hús sem tómstundagaman á sínum tíma því annars myndi ég bara brenna yfir í tölvunum. Það var þá ekki endilega ætlunin að búa í því. Ég hef verið að gera þetta upp sjálfur og næsta haust verða komin tíu ár síðan ég byrjaði, þá er ég að spá í að flytja inn.“

- Ertu handlaginn?

„Ég hef unnið hina og þessa vinnu. Var tvö sumur í húsa-smíði, lærði til rafvirkja og sníkti

mér þekkingu í pípulögnum. Þannig að ég hef ótrúlega mikið getað átt við þetta sjálfur. Það voru sjö bíslög við húsið sem ég reif öll í burtu, hreinsaði svo inn að grind, reif forskalninguna utan af húsinu og hún reyndist vera um 25 tonn þegar upp var staðið. Þetta er búið að vera heilmikil vinna en mjög skemmtileg.“

Jamaíka

Eiginkona Björns er frá Jamaíka og því þekkir Björn ágætlega til þar. „Við Beverly kynntumst þegar ég var að stilla vogirnar í frystihúsunum en hún kom hing-

að til að vinna í fiski. Það er orðið svo langt síðan að hún fer líklega að teljast Vestfirðingur. En ég hef komið þrisvar sinnum til Jamaíka og dvalið í um mánuð í hvert skipti. Landið er allt öðruvísi en maður gerir sér hugmyndir um fyrirfram. Þetta er náttúrulega þriðja heims land og þó þar sveltí enginn er þar mikið meiri misskipting en hér. Það skortir samt ekkert á lífshamingjuna þar.“

- Hvað á að gera á nýja árinu?

„Að flytja í húsið. Það er stóra málið þetta árið. Og þótt maður flytji inn er ekki öll vinnan búin. Til dæmis er garðurinn eftir,“ segir Björn brosandi að lokum.

- Huldur Breiðfjörð.

Árið notað til að afgreiða tillögur til lækkunar húshitunarkostnaðar

Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri í Súðavík, sem sæti á í starfshópi um breytingar á niðurgreiðslum til húshitunar, segir að ekki sé annað að heyra en að það sé samhljómur innan iðnaðarráðuneytisins með tillögur hópsins. Eins og fram hefur komið skilaði starfshópurinn skýrslu með tillögum til ráðuneytisins undir lok síðasta árs. „Þeim var skilað í síðari hluta desember mánaðar og því var óraunhæft að gera ráð fyrir því að einhverju yrði ýtt úr vör á þessu ári. Eins og staðan er í dag er mikið lagt upp úr að árið í ár verði notað til að afgreiða tillögurnar og ef þær verða samþykktar, koma þær til framkvæmda á næsta ári,“ segir Ómar Már.

Tillögum starfshópsins má skipta í þrennt. Í fyrsta lagi er lagt til að grundvallarbreyting verði gerð á niðurgreiðslukerfinu þannig að flutningur og dreifing á raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis verði niðurgreidd að fullu. Kerfið verður þá sjálfvirk þar sem öllum breytingum á verði á raforkudreifingu yrði mætt með sjálfvirkum hætti án þess að sérstök ákvörðun þurfi að liggja þar

að baki.

Í öðru lagi er gerð tillaga að breyttri fjármögnun niðurgreiðslna. Tillaga hópsins er að jöfnunargjald verði sett á hverja framleiðda kWst sem næmi þeim kostnaði sem nauðsynlegur er á hverjum tíma til að niðurgreiða að fullu flutning og dreifingu raforku til upphitunar íbúðarhúsnæðis.

Í þriðja lagi gerir hópurinn nokkrar tillögur sem snúa að frekari jarðvarmaveituuppbýggingu og bættri orkunýtni, þar ber hæst að starfshópurinn leggur til að jöfnunargjald verði lagt á hitaveitur, svipað og á raforkuframleiðslu, sem geti ávallt tryggt viðgang og vöxt jarðvarmaveitna. Einnig er lagt til að heimilt verði að lengja stofnstyrkjaframlagið í allt að 12 ár ef þörf krefur.

Hugmyndir um breytingar á kerfinu og fjármögnun eru óháðar hver annarri þ.e.a.s. að hægt er að gera umræddar breytingar á kerfinu með núverandi fjármögnun og öfugt. Að auki er lagt til að Orkustofnun skoði sérstaklega þann mikla mismun sem er á verði til neytenda hjá RO



„Á Íslandi verður húshitun að teljast ein af grunnþörfum hvers íbúa enda veðurfar með þeim hætti að nauðsynlegt er að kynda íbúðarhúsnæði nánast alla daga ársins,“ segir í skýrslunni.

veitum og geri tillögur til úrbóta.

„Á Íslandi verður húshitun að teljast ein af grunnþörfum hvers íbúa enda veðurfar með þeim hætti að nauðsynlegt er að kynda íbúðarhúsnæði nánast alla daga ársins. Um 90% Íslendinga búa svo vel að hafa aðgang að ódýrum

og umhverfisvænum jarðhita í formi jarðvarmaveitna. Um 10% landsmanna hafa hinsvegar ekki aðgang að þessari auðlind og þurfa að notast við rafhitun eða olíu. Slík hitun er margfalt dýrari og til að koma í veg fyrir að lítill hluti landsmanna þurfi að greiða

margfalt herra verð fyrir upphitun íbúðarhúsnæðis er raforka og olía til hitunar niðurgreidd að hluta. Þar sem olía er hverfandi hluti upphitunar verður hér eftir til einföldunar einungis talað um rafhitun,“ segir í skýrslunni.

– thelma@bb.is



Innilegustu þakkar til vina og vandamanna fyrir auðsýnda vináttu og samúð vegna andláts og útfarar elskulegs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa

Helga Hjartarsonar

Hlíf 2, Ísafirði

sem lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði 9. nóvember 2011.

Guðný M. Einarasdóttir

Hjörtur Helgason Albina Helgason

Þór Ólafur Helgason Álfhildur Jónsdóttir

Sigurros Emma Helgadóttir Ómar Valdimarsson
afabörn og langafabörn.



VÍFILFELL

Húsnæði óskast

Vífilfell á Ísafirði auglýsir eftir 120-150m² húsnæði á eyrinni á Ísafirði undir lager og verkstæði.

Áhugasamir vinsamlegast hafið samband við Þorstein Hauk Þorsteinsson, svæðisstjóra Vífilfells á Vestfjörðum í síma 660 2664 eða á netfanginu haukurt@vifilfell.is.

LÍFSHLAUPIÐ
5 ÁRA

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands kynnr:

Landskeppni
í hreyfingu

Lífshlaupið

Skráðu þig
Lífshlaupið
byrjar 1. febrúar!

- Vinnustaðakeppni
- Hvatningarleikur í skólum
- Einstaklingskeppni

Skráning og nánari upplýsingar á:
www.lifshlaupid.is

Lífshlaupið
Þín heilsa – þín skemmtun

Lífshlaupið er fræðslu- og hvatningarverkefni ÍSÍ fyrir alla aldurshópa. Markmið þess er að hvetja landsmenn til þess að fara eftir ráðleggingum embættis landlæknis um hreyfingu og gera hreyfingu að föstum lið í lífsstíl sínum.

Samstarfsaðilar

AMAXA-BILLINN
Ferki sending

RÁS 2

VELFERDARRÁÐUNEYTIÐ

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Embætti
landlæknis
Directorate of Health

SKÝRR

Ólympíufjölskyldan

Íslandsbanki

ICELANDAIR

SJÓVA

VALITOR

Ísland
á iði
Hreyfa sig!

100
1912-2012

Brunabótamat fasteigna á Vestfjörðum 163 milljarðar

Fasteignamat húseigna á Vestfjörðum var tæpir 43 milljarðar króna um síðustu áramót en brunabótamat hljóðaði upp á tæpa 163 milljarða króna. Frá þessu er greint á vef Fasteignamats ríkisins en um hver áramót er brunabótamat endurreiknað með nýjum verðgrunni og tekið

tillit til árlegra afskrifta. Í Ísafjarðarbæ var brunabótamatið rúmir 78 milljarðar og í Bolungarvík um 19 milljarðar. Í Reykhólahreppi var það rúmir 8,6 milljarðar, í Tálknafjarðarhreppi 5,6 milljarðar og 23,8 milljarðar í Vesturbyggð.

Þá var brunabótamat húseigna

í Súðavík rúmir 8 milljarðar, tæpir 13 milljarðar í Strandabyggð, rúmir 2,5 milljarðar í Árneshreppi og rúmlega 3 milljarðar í Kaldrananeshreppi. Þó nokkur hækkun var á brunabótamati milli ára á Vestfjörðum en það var 146 milljarðar í lok ársins 2010.

Fasteignamat í Ísafjarðarbæ

var 25,5 milljarðar, tæplega 4,5 milljarðar í Bolungarvík, 2,2 milljarðar í Reykhólahreppi, 1,2 milljarður í Tálknafjarðarhreppi, 4,8 í Vesturbyggð, 1,9 milljarður í Súðavíkurhreppi, 474 milljónir í Árneshreppi, 661 milljónir í Kaldrananeshreppi og 3,2 milljarðar í Strandabyggð.

Heildarfasteignamat á landinu öllu samkvæmt nýrri fasteignaskrá frá 31. desember 2011 var 4.377 milljarðar. Þar af var húsmat 3.621 milljarður og lóðarmat 756 milljarðar. Fasteignamat samtals hækkaði um 8% frá fyrra ári. Brunabótamat var 5.985 milljarðar og hækkaði um 10,6%.

Lækka gjaldskrá leikskóla um 18%

Bæjarstjórn Bolungarvíkur hefur boðað breytingar á gjaldskráum sveitarfélagsins. Almennar gjaldskrárhækkunarir verða 5% en undantekningar eru þó frá því og hækka sumar gjaldskrár ekkert og aðrar lækka. Mest munar um lækkun á skólagjöldum fyrir leikskóla sem lækka um 18%. Gjaldskránni verður breytt frá og með 1. febrúar og lækkar þá grunn gjald fyrir átta klukkustunda vistun úr 29.719 krónum í 24.240 krónur. Systkinaafsláttur verður áfram 35% fyrir annað barn og gjaldfrjálst verður fyrir þriðja barn foreldra. Afslátturinn er samtengdur milli daggæslu hjá viðurkenndum dagmæðrum og hjá leikskóla og heilsdagsskóla. Þá eru sérstakir afsláttir fyrir einstæða foreldra og námsfólks, ef báðir foreldrar eru í námi.

Elías Jónatansson bæjarstjóri í Bolungarvík segir að allt bendi



til að eftirspurn eftir leikskóla-plássu geti orðið meiri næsta haust en hægt er að anna í núverandi húsnæði að Hlíðarstræti og Lambhaga. Því hafi verið ákveðið að auka verulega niðurgreiðslu á þjónustu dagmæðra. Vonir eru bundnar við að það leiði til þess að einhverjir sjái sér fært að veita þjónustuna og að hún verði nýtt.

Almenn niðurgreiðsla til foreldra með börn hjá dagmæðrum verður 3.750 krónur í stað 2.200 króna á gæslustund eða 30.000 krónur á mánuði sé miðað við 8 klst. vistun. Einstæðir foreldrar fá niðurgreiðslu sem nemur 5.062 krónum í stað 2.700 króna á gæslustund eða 40.500 krónur á mánuði. Hækkun niðurgreiðslu

á bilinu nemur 70% til 87%. Er það mat Elíasar að með þessum breytingum sé Bolungarvík orðinn mjög samkeppnisfær við önnur sveitarfélög í þessum efnunum. Sú leiðrétting sem fengist hefur á framlögum Jöfnunarsjóðs hefur þannig verið nýtt m.a. til að lækka leikskólagjöldin og auka niðurgreiðslur til dagmæðra.

Rétt er að taka fram að í frétt hér í blaðinu um leikskólagjöld í sex stærstu sveitarfélögum á Vestfjörðum er byggt á gjaldskrá frá árinu 2011 sem framsett er á vefsíðu sveitarfélagsins. Ný gjaldskrá fyrir leikskólann hefur verið samþykkt og tekur gildi 1. febrúar nk.

— asta@bb.is

Eftirlitið með iðnaðarvörum

Stakkur skrifar >

Að undanfögnu hefur athygli Íslendinga verð beint að eftirliti með heilbrigðisvörum og matvælum. Nú má deila um ýmislegt. Ef salt heitir iðnaðarsalt hvað skal þá salta með því? Er matvælaíðnaður ekki heppilegur fyrir iðnaðarsalt? Er iðnaðarsalt kannski notað til þess að salta götur? Kjarni málsins er að sjálf sögðu sá hvort iðnaðarsaltið sé hættulegt fólki í mannaæðu. Listarnir sem MAST og seljandinn, Ölgerð Egils Skallagrímssonar hafa birt um kaupendur eru langir. Nútíma samfélag er flókið og kúnstugt. Stjórnálmenn setja á fót eftirlitsstofnanir. Þær eiga að fylgjast með þegnum, að þeim stafi ekki hætta af gerðum hvers annars. Stundum er þeim ætlað að hafa heimil á ríkinu. Fróðlegt verður að fylgjast með umræðu og viðbrögðum stjórnvalda við iðnaðarsaltinu. Athyglin beinist vonandi að eftirlitsstofnunum og gagnsemi þeirra. Almennir spyr hverju hann geti treyst.

Umræðan um frönsku PIP brjóstapúðana er athyglisverðari. Hún kann að snúast um það hve langt eigi að ganga í februnaraðgerðum á ábyrgð almennings, ríkisins. Lengi hafa læknar notið mikillar sérstöðu. Í augum sumra hafa þeir nánast verið í guðatölu. Ein sterkasta krafan sem Íslendingar gera er að njóta góðrar heilbrigðisþjónustu. Almennt vilja Íslendingar líta svo á að sú góða þjónusta sé á heims mælikvarða. Meðalaldur er hár og

ungbarnadauði er lítill. Nú hefur verið upplýst að í púðana hafi verið notað iðnaðarslíkon. Dæmi eru þess að púðarnir hafi lekið. Það eru slæmar fréttir, sérstaklega fyrir konur sem hafa fengið þá setta í brjóst sín. Vandinn sem við blasir er alþjóðlegur. Á Íslandi einu eru um 440 konur með brjóstaaugningu af PIP toga. Ekki er vitað hve margar brjóstastækkanir hafa átt sér stað á Íslandi. Þær skipta þúsundum. Mörgum er lítt skiljanlegt hvers vegna svo margar konur fara þessa leið ef heilsa þeirra krefst þess ekki. Afar sjaldan tengist brjóstastækkun líkamlegum heilsuvanda. Aðrar forsendur liggja að baki. Það er vilji kvennanna sem ræður og þær eru reiðubúnar að greiða hátt verð fyrir.

Upplýst er að ekki hafi verið vitað um það glæpsamlega athæfi að nota iðnaðarslíkon í PIP brjóstafyllingar fyrr en nýlega. Engu að síður dæmir dómstóll alþýðunnar lækninn, sem að vilja kvennanna notaði þær í góðri trú, hart. Hann á sér vart uppreisnar von. Konurnar leituðu til hans. Hvorki þær né hann vissu betur. Hér þarf gát. Hitt er svo aftur annað mál með hvaða hætti skattgreiðendur koma að málinu. Eftir stendur að þrátt fyrir margar eftirlitsstofnanir virðast tvær iðnaðarvörur vera á markaði eftirlitslausar. Það er athugunar-efni.



Engidalur í Skutulsfirði.

Dregur úr mengun í Engidal í Skutulsfirði

Niðurstöður tilraunabeitar í Engidal eru jákvæðar hvað varðar framtíð sauðfjárbúskapar. Þær eru jafnframt í samræmi við helstu ályktanir sérfræðihópsins, sem voru þær að mengun væri á svæðinu og endurmengun frá lausum ögnum gæti sennilega átt sér stað. Jafnframt taldi sérfræðihópurinn að án beitartilraunar væri ekki óhætt að hleypa afurðum á markað, nema að fram færu ítarlegar rannsóknir á afurðum fyrir markaðssetningu.

Matvælastofnun (MAST) skipaði í byrjun ársins 2011 sérfræðihóp til að meta áhrif díoxínmeng-

unar á framtíð búskapar í Skutulsfirði. Hópurinn skilaði á vordögum skýrslu, þar sem m.a. var lagt til að gerð yrði beitartilraun til að meta hugsanlega mengun á svæðinu. Tilraunina styrktu MAST og Landssamtök sauðfjárbænda.

„Í stuttu máli virðist ekki tilefni til að ætla að sauðfé taki lengur upp mikið magn díoxíns í gegnum beitina á svæðinu, þó svo mengun sé enn til staðar. Jafnframt má ætla að áfram dragi úr mengun á svæðinu þar sem mengunarvaldur er ekki lengur til staðar Rannsóknaniðurstöður

sýna nú ekki mengun yfir aðgerðarmörkum eða hámarks-gildum,“ segir í tilkynningu.

„Tilraunin sýnir að svæðið henti aftur til fjárbúskapar og annars búfjárhalds, en að vakta þurfi afurðir í fyrstu ef aftur kemur til búskapar á svæðinu, sérstaklega er varðar kýr og hross. Matvælastofnun telur því rétt að taka málið til meðferðar að nýju og aflétta banni á nýtingu fódurs frá svæðinu. Í því felst að heimilt verði að afla heyja fyrir allan búfænað og nýta landið til beitar fyrir búfé,“ segir í tilkynningu.

– thelma@bb.is

Seinagangur og tóm-læti ollu meira tjóni

„Ég olli ekki þessari mengun en ég ber allt tjónið í dag. Það eru tveir lögfræðingar að vinna í málinu fyrir mig og það getur tekið allt að tvö ár að fá niðurstöðu. Ég leitaði til Bjargráðasjóðs en þeir segjast ekki greiða bæt看 sem öðrum er ætlað að greiða,“ segir Kristján Ólafsson á Ísafirði í samtali við Morgunblaðið um niðurstöðu rannsókna Matvælastofnunar á díoxínmengun í Engidal í Skutulsfirði. Kristján er afar óánægður með þann seinagang sem orðið hefur á rannsókninni en niðurstaða vegna beitartil-

raunar í Engidal var kunngerð fyrir skemmstu.

Niðurstöðurnar eru jákvæðar hvað varðar framtíð sauðfjárbúskapar í dalnum. Einhver mengun er enn á svæðinu en ekki virðist vera tilefni til að ætla að sauðfé taki lengur upp mikið magn díoxín í gegnum beit. Það er mat Matvælastofnunar að ætla megi að áfram dragi úr mengun á svæðinu þar sem mengunarvaldurinn er ekki lengur til staðar. Þá sýna rannsóknir að svæðið henti að nýju til fjárbúskapar og annars búfjárhalds en vakta þurfi afurðir

í fyrstu. Kristján segir að niðurstöður hefðu mátt liggja fyrir mun fyrr.

„Það hefði verið hægt að framkvæma þessa rannsókn mun fyrr en Matvælastofnun ber alltaf við fjárskorti. Á sama tíma er allt í óvissu hjá mér en ég missti mitt leyfi til slátrunar og er ekki enn búinn að fá það endurnýjað.“ Kristján er undrandi yfir seinaganginum og tregðunni í öllu kerfinu vegna þessa máls og að hans sögn hefur seinagangur og tóm-læti þeirra sem að málinu hafa komið, valdið honum meira tjóni en hefði þurft.

Frommer's mælir með Tjöruhúsinu

Tjöruhúsið á Ísafirði er einn af átta veitingastöðum hérlendis sem ferðahandbókin Frommer's mælir sérstaklega með að ferðamenn prófi. Meðal annarra staða má nefna Sjávarkjallarann í Reykjavík og Fjöruborðið á Stokkseyri. Í umsöng Frommer's um Tjöruhúsið segir meðal annars að þar sé hægt að fá einstaklega ferskan og góðan pönnusteiktan fisk. Ekki er þó mælt með því að spyrja kokkinn hvort fiskurinn hafi nokkurn tímann verið frosinn því þá mun sá sami fá illt auga að launum.

Það er ekki aðeins Tjöruhúsið sem kemur Vestfjörðum í Frommer's ferðahandbókina.

Mælt er með gistiheimilinu í Breiðavík, Faktorshúsinu á Ísafirði, Ferðaþjónustunni í Heydal og Hótel Djúpavík á Ströndum sem einu af bestu gististöðum landsins. Hornstrandir útnefndir ferðahandbókin sem einn af bestu göngustöðum landsins og Hornbjarg og Látrabjarg sem tvo af merkilegustu náttúruperlum Íslands. Þá eru Suðureyri og Ísafjörður útnefndir tveir af bestu smábæjum Íslands ásamt fimm öðrum bæjum og þorpum. Frommer's er ein best selda ferðahandbók í Bandaríkjunum en hún hefur verið gefin út samfleytt síðan árið 1957.



Stefanía Helga Ásmundsdóttir og Ármann Múli Karlsson ásamt syni sínum sem var fyrsta barn ársins á Ísafirði.

Tvö nýársbörn á Ísafirði

Tvö nýársbörn eru komin í heiminn á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði. Þau fæddust bæði 6. janúar, á síðasta degi jóla. Fyrsta barn ársins var þriðja barn Stefaníu Helgu Ásmundsdóttur og Ármanns Múla Karlssonar. Annar drengur fæddist svo nokkrum klukkustundum seinna en stoltir foreldrar hans eru Anna María Björnsdóttir og Rúnar Freyr Hafþórsson. Mæðrum og börnum heilsast vel. „Þetta gekk rosalega vel, bara alveg eins og í sögu,“ sagði Stefanía alsæl

með litla prinsinn.

Alls komu 59 börn í heiminn á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði á árinu 2011. Mjög jafnt er skipt á milli kynja hjá nýburum ársins eða 30 strákar og 29 stelpur. Að sögn ljósmóður er útlit fyrir blómlegt ár í fæðingum miðað við fyrri helming ársins 2012. 55 börn fæddust á Ísafirði á síðasta ári eða einu barni færra en árið á undan. Árið 2008 litu 73 börn dagsins ljós á sjúkrahúsinu en ekki hafa verið fleiri fæðingar á FSÍ í 10 ár.

Ungfugl 65% af stofninum

Hlutfall ungfugls í rjúpnastofninum á Vestfjörðum er 65%, samkvæmt talningu Náttúrufræðistofnunar. Stofnunin hefur hvatt rjúpnaskyttur til að klippa annan vænginn af rjúpum sem þær veiða og senda stofnuninni. Af vængjunum má ráða hvort um er að ræða fugl á fyrsta ári eða eldri fugl. Náttúrufræðistofnun hefur nú aldursgreint 1.946 rjúpur sem veiddar voru á síðasta veiðitímabili. Flestar þeirra koma af Norðvesturlandi, 682 talsins. Frá Vestfjörðum barst

201 vængur og var stærstur hluti þeirra af ungfugli, eða 130.

Af þeim landshlutum þar sem rjúpur hafa verið veiddar í vetur er hlutfall unga hæst á Suðvesturlandi eða 83%. Hins vegar er það það landsvæði þar sem fæst sýni hafa borist til Náttúrufræðistofnunar í vetur. Af þeim 1.946 rjúpum sem er búið að aldursgreina eru 1.295 ungar eða 67% og 651 ungi. Sautján tegundir sníkjudýra hafa fundist í rjúpu á Íslandi og getur ein þeirra, Blastocystis, valdið iðrakvefi.



Hvað stendur upp úr á árinu 2011?

Hefð er fyrir því um áramót að hafa samband við nokkra góðborgara á fréttasvæði Bæjarins besta, jafnt þekkt Vestfirðinga og þá sem minna hafa látið fyrir sér fara, biðja þá um að líta yfir árið sem var að kveðja og spyrja hverjir séu eftirminnilegustu viðburðir þess og hvaða væntingar þeir beri til nýs árs.

Ekkert getur toppað það að eignast barn

– Hvað er eftirminnilegast í þínum huga frá nýliðnu ári?

„Eftirminnilegust er fæðing yngsta barnsins míns, hans Kristófers Stapa, sem fæddist þann 20. janúar. Ekkert getur toppað það að eignast barn.“

– Hver var skemmtilegasta uppákoman að þínu mati?

„Skemmtilegu uppákomurnar voru svo margar. En ef eitthvað stóð upp úr öðru var það AFES, Reykjavíkummarabon og svo samverustundir með fjölskyldunni.“

– Hver er þín spá varðandi nýbyrjað ár?



Benedikt Sigurðsson,
Vestfirðingur ársins 2010

„Ég held að árið 2012 verði almennt gott ár með mikilli gleði og uppsveiflu í atvinnulífi.“

– Eitthvað að lokum?

„Ég óska öllum sem þetta lesa gleðilegs árs og vil ráðleggja fólki að vera ekki að staldra of mikið við í fortíðinni. Reynum að horfa til framtíðar með hjart-sýni að leiðarljósi, ræktum samband við vini og fjölskyldu, gerum góðverk og bætum fyrir það sem við höfum ef til vill viljað hafa gert betur. Hugum að andlegri og líkamlegri heilsu. Ef við gerum þetta eru okkur allir vegir færir.“

Margir spennandi hlutir að fara af stað

– Hvað er eftirminnilegast í þínum huga frá nýliðnu ári?

„Ferð með blaðamönnum í tengslum við Aldrei fór ég suður á Hesteyri í mars. Vestfirðir skörtuðu sínu fegursta þennan dag, ótrúlegt að hafa svona svæði í 30 mínútna fjarlægð.“

– Hver var skemmtilegasta uppákoman að þínu mati?

„Annað sætið í Fossavatns-göngunni. Hélt að ég myndi aldrei upplifa það að verða fyrsti Íslendingur í þeirri göngu. Eiginlega það eina sem ég átti eftir hér á landi sem skíðamaður, þannig að það var mjög óvænt.“

– Hver er þín spá varðandi nýbyrjað ár?



Daníel Jakobsson bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar

„Ég hef góða tilfinningu fyrir næsta ári. Margir spennandi hlutir að fara af stað.“

– Eitthvað að lokum?

„Stöndum saman.“

2012 verður besta árið

– Hvað er eftirminnilegast í þínum huga frá nýliðnu ári?

„Yfir heildina lítið er efst í huga mér hversu ótrúlega gott árið hefur verið. Frábærar stundir með fjölskyldu og vinum og svo mörg tækifæri sem lífið hafði upp á að bjóða á árinu.“

– Hver var skemmtilegasta uppákoman að þínu mati?

„Að taka þátt í opunarhátíð Hörpu var mjög skemmtilegt og eftirminnlegt. Eignaðist líka tvo litla systursyni á árinu.“

– Hver er þín spá varðandi nýbyrjað ár?

„Verður það ekki bara besta



Sunna Karen Einarsdóttir, leik-, söngkona og nemi.

árið hingað til? Það er alltaf þannig!“

Árið verður fullt af nýjum tækifærum

– Hvað er eftirminnilegast í þínum huga frá nýliðnu ári?

„Eftirminnilegast í mínum huga hjá mér persónulega er síðbúið þriggja vikna sumarfrí sem við fjölskyldan fórum í til Flórída og Dóminíska lýðveldisins.“

– Hver var skemmtilegasta uppákoman að þínu mati?

„Skemmtilegasta uppákoman? Það var svo margt skemmtilegt að ekkert eitt stendur upp úr.“

– Hver er þín spá varðandi nýbyrjað ár?

„Þetta verður flott ár, fullt af nýjum tækifærum til að þroskast, bæði hjá einstaklingum, samfélögum og þjóðfélögum.“

– Eitthvað að lokum?



Martha Ernstsóttir, jóga-leiðbeinandi og þjálfari.

„Ljós og kærleikskeðjur til allra Vestfirðinga á nýju ári 2012.“

Góður gangur hjá Dress Up Games

Fyrirtækið Dress Up Games ehf., á Ísafirði hagnaðist um 88,3 milljónir króna á árinu 2010. Á árunum 2008 og 2009 nam hagnaður félagsins um 213 milljónum króna og hefur félagið því hagnaast um rúmar 300 milljónir króna á þriggja ára tímabili. Frá þessu er greint í Fréttablaðinu þar sem vísað er í síðustu ársreikninga félagsins, sem á og rekur vefsíðuna dressupgames.com. Fyrirtækið hefur á undanförunum árum

verið á meðal arðbærustu fyrirtækja á Vestfjörðum. Eigandi þess er Inga María Guðmundsdóttir, bókasafnsfræðingur á Ísafirði.

Á vefsíðunni er tenglum á tölvuleiki þar sem dúkkulísur eru klæddar í fót safnað saman. Dress Up Games er síðan með auglýsingasamning við stórfyrirtækið Google sem tryggir því tekjur. Samningurinn virkar þannig að Google AdWords selur auglýs-

ingar inn á síðuna og Dress Up Games ehf. fær síðan greitt fyrir hvert skipti sem einhver skoðar þá auglýsingu. Vefsíðan fær milljónir innlita, og er með tug milljónir flettinga, í hverjum mánuði og því eru tekjurnar miklar.

Eignir Dress Up Games nema 259 milljónum króna. Um 95% þeirra eru í handbæru fé. Félagið greiddi sér auk þess út 128 milljónir króna í arð á árunum 2009 og 2010. *– thelma@bb.is*

Samþykkt á breytingu á aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018 fyrir Vestfjarðaveg 60

Bæjarstjórn Vesturbyggðar samþykkti á fundi sínum 7. desember 2011, breytingu á aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018, Vestfjarðavegur frá Eiði í Vattarfirði að Þverá í Kjálkafirði.

Tillagan var auglýst skv. 31. gr. Skipulagslaga frá 21. júlí til 1. september sl., og bárust engar athugasemdir.

Þetta tilkynnist hér með.

Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri Vesturbyggðar.



VESTURBYGGÐ



Inga María Guðmundsdóttir, bókasafnsfræðingur á Ísafirði, stofnandi og eigandi Dress Up Games vefsíðunnar.

Sælkerar vikunnar eru Margrét Lilja Vilmundardóttir og Pétur Markan í Súðavík

Matseld er hægur leikur með einfaldri uppskrift

„Matseld er hægur leikur með einfaldri forskrift, sama hvaða uppskrift er fylgt. Og forskriftin er einföld og rekur rætur sínar til fyrsta ljóðsins, fyrsta kossins, fyrsta lagsins, í raun til frumtaks allra skapaðra hluta: Elskaðu og í þessu tilfelli... eldaðu,“ segja sælkerar vikunnar.

Lasagna-fyrir þá sem þú átt, án þeirra svo fátt

1 pakki lasagnaplötur
500 g ungnautahakk
Fersk basilika
Heill hvítlaukur (má nota minna, ef nánar stundir eru á næsta leiti)
4 rifnar gulrætur
½ hnefi af söxuðum lauki
1 kúla ferskur mozzarella ostur
1 rjómaostur með krydd-

blöndu

Rifinn ostur
1 stór dós kotasæla
Tómatpúrur
Skornir tómatar í dós
Salt, pipar og ítölsk kryddblanda eftir smekk. Basilika, rósmarín, oregano og fleiri Miðjarðarhafskrydd eiga vel við. Rífsberjahlaup

Byrjið á því að leggja lasagnaplöturarnar í bleyti. Sjóðið 1 dós af tómátpúrur og skornum tómötum í dós í potti. Rífið ferska basiliku og pressið hvítlauksrifin og setjið út í. Leyfið þessu að malla í smá stund við vægan hita, því lengur sem sósan fær að malla því bragðbetri verður hún. Rífið gulræturnar og saxið laukinn og bætið út í sósuna. Steikið hakkið á pönnu, kryddið að vild, en gott er að setja salt, pipar og ítalska

kryddblöndu saman við hakkið. Blandið hakkinu út í sósuna og leyfið að malla við vægan hita, eins og polinmæði og tími gefst til.

Takið meðalstórt eldfast form og setjið þunnt lag af sósu og kjöti í botninn.

Leggið því næst lasagnaplötur ofan á kjötið, ásamt þunnu lagi af kotasælu.

Setjið næst rjómaost, mozzarellaost og basilikublöð ofan á. Endurtakið þetta síðan koll af kolli þar til hráefnið er búið, passið að enda á kjötinu og sósunni. Endið á því að setja dagóðan slatta af rifnum osti ofan á fínerfið ásamt rífsberjasultu, rjómaosti og mozzarellaosti. Hitið í ofni við blástur á 175°C í um það bil 30-40 mínútur.

„Grænt eftir stemningu og árs-tíð. Lífsins brauð ávallt gott með,



hafi menn trú á því.

Rautt eftir hag og behag. Borðið hægt, hlæjið hátt, þakkið dátt og kveðjið sátt. Ljúfar stundir,“ segja sælkerarnir.

Við skorum á Þorstein Másson

og Katrínu Pálsdóttur í Bolungarvík að reiða fram eitt-hvað ljúfmeti, eins og þeirra er von og vísa. Þorsteinn er nú landspektur matsveinn og frægur fyrir sitt seiðandi Stroganoff og kíló af kjöti.


ÚTSALA



kr. 1.999
~~kr. 3.999~~



kr. 2.499
~~kr. 5.999~~



kr. 2.499
~~kr. 5.999~~



kr. 2.999
~~kr. 6.499~~



kr. 2.999
~~kr. 5.999~~



kr. 2.999
~~kr. 5.999~~



kr. 2.999
~~kr. 5.999~~



kr. 2.999
~~kr. 5.999~~



kr. 1.999
~~kr. 3.999~~



kr. 1.999
~~kr. 3.799~~



kr. 1.999
~~kr. 3.999~~



kr. 2.499
~~kr. 3.999~~



kr. 2.499
~~kr. 3.799~~

NÚNA ER LESTRARVEÐUR...

Eymundsson.is

Eymundsson

Bóksali frá 1872